




VEIDIMÁLASTOFNUN  
*Bókasafn*


**Laxveiði og seiðabúskapur  
Straumfjarðarár árið 2002**

**Sigurður Már Einarsson**

**Júní 2003**



**Veiðimálastofnun**  
Institute of Freshwater Fisheries



# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Litríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Bókasafn

## Laxveiði og seiðabúskapur Straumfjarðarár árið 2002.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi maí 2003 VMST-V/0308

Unnið fyrir Veiðifélag Straumfjarðarár

## Efnisyfirlit

|               | Bls. |
|---------------|------|
| Inngangur     | 3    |
| Framkvæmd     | 3    |
| Niðurstöður   | 4    |
| Seiðabúskapur | 4    |
| Laxveiðin     | 5    |
| Umraeður      | 5    |
| Heimildaskrá  | 6    |

### Töflur:

|  |   |
|--|---|
| Tafla 1. Þéttleiki laxfiskaseiða (fj. í einni umferð á 100 m <sup>2</sup> ) í Straumfjarðará á Snæfellsnesi<br>14. september 2002. | 7 |
| Tafla 2. Þéttleiki laxaseiða í Straumfjarðará á Snæfellsnesi árin 1986 – 2002.   | 7 |
| Tafla 3. Meðallengdir (cm) aldurshópa laxaseiða í Norðurá 1988- 2002.  | 7 |

### Myndir:

|  |   |
|--|---|
| Mynd 1. Stangaveiðar á laxi í Straumfjarðará árin 1974-2002.<br>Meðalveiði tímabilsins er einnig sýnd. | 8 |
|--|---|

## Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir rannsókn á seiðabúskap Straumfjarðarár sem fram fór haustið 2002 að ósk veiðifélags árinnar, auk þess sem fjallað verður um veiðina á árið 2002.

Töluverðar rannsóknir hafa farið fram af veiðimálastofnun á lífríki Straumfjarðarár. Árin 1986 – 1990 var seiðabúskapur árlegar vaktaður (Sigurður Már Einarsson 1987, 1988, 1989, 1990a og 1990b) og hófust þær rannsóknir á nýr árið 2000 (Sigurður Már Einarsson og Friðþjófur Árnason 2001). og skilyrði til fiskiræktar könnuð (Sigurður Már Einarsson 1987). Í kjölfar þess fóru fram tilraunir með sleppingar á sumaröldum laxaseiðum á búsvæði ofan fossa (Sigurður Már Einarsson 1993). Straumfjarðarár var ein af tilraunaám sem valin var til að kanna árangur af sleppingum sumaralinna laxaseiða á ófiskgeng árvæði (Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson 2000). Þá hafa rannsóknir farið fram á fiskræktarmöguleikum m.t.t. fiskvegagerðar við Dalsfoss (Vífill Oddsson 1995) og hefur nýr fiskvegur nú verið byggður við Dalsfoss. Einnig hefur frumathugun á hagkvæmni fiskvegagerðar við fossinn Rjúkanda verið gerð (Sigurður Már Einarsson 1999).

Staðháttum og umhverfi við Straumfjarðará hefur áður verið ítarlega lýst (Sigurður Már Einarsson 1999).

## Framkvæmd

Athuganir voru gerðar á fimm stöðum í Straumfjarðará með rafveiðum (tafla 1) þann 14. september árið 2004. Veitt var efst á sleppisvæði ofan við Rjúkanda, en auk þess á fjórum stöðum á fiskgenga hluta árinnar. Efsta stöðin er um 200 m. neðan ármóta Köldukvíslar ofan við Dalsfoss, stöð 2 um 400 m ofan við þjóðveginn, stöð 3 um 200 m fyrir neðan gömlu brúna og stöð 4 rétt ofan við ármót Grímsá og Straumfjarðarár.

Veidd var ein umferð á hverri stöð. Flatarmál stöðva var mælt og öll seiði talin og greind til tegunda. Öll seiði voru lengdarmæld (cm) frá snoppu að sporðsýlingu með 0,1 cm nákvæmni. Hluti seiðanna var þyngdarmældur. Af nokkrum seiðum á hverri stöð var tekið hreistur og kvarnir til aldursákvörðunar. Þéttleiki seiða var reiknaður eftir aldri og stöðvum á hverja  $100\text{ m}^2$  botnflatar. Með þessari aðferð er reiknuð eins konar vísitala á seiðaþéttleikann og er sú aðferð sem algengast er að nota í sambærilegum athugunum hérlendis. Þá voru meðallengdir í cm seiða reiknaðar fyrir hvern aldurshóp eftir stöðvum og fyrir ána í heild.

Alls var um 8000 summaröldum laxaseiðum sleppt í Straumfjarðará árið 2002 á búsvæði ofan við Rjúkanda og voru seiðin 2,5 gr. við sleppingu, en sambærilegar sleppingar hafa verið framkvæmdar um árabil í ána.

Stangveiðin var skráð í veiðibækur að venju, þar sem lengd, þyngd, kyn og veiðidagur eru skráð fyrir einstaka fiska.

## Niðurstöður

### *Seiðabúskapur*

Lax reyndist ríkjandi tegund í Straumfjarðará, en aðeins varð vart við urriðaseiði á ófiskgenga hlutanum í ánni (tafla 1). Í seiðarannsóknunum veiddust laxaseiði á aldrinum 0+, 1+ og 2+, en engin eldri seiði komu fram (tafla 1). Á fiskgenga hluta árinnar veiddust sleppiseiði á fyrsta ári (slepping 2002) og öðru ári (slepping 2001). Meðallengdir 0+ seiða voru 6,3 cm og 1+ seiða 9,5 cm (tafla 2).

Á fiskgenga hlutanum reyndist þéttleiki laxaseiða vera frá 14,1 – 34,4 seiði á 100 m<sup>2</sup>, en að meðaltali 20,4 seiði á 100 m<sup>2</sup>. Vorgömul (0+) laxaseiði fundust á öllum veiðistöðum og reiknaðist þéttleiki þeirra að meðaltali 13,4 á 100 m<sup>2</sup> og var frá 7,4 – 23,3 seiði á 100 m<sup>2</sup> (tafla 1). Fjöldi eins árs seiða (1+) var að meðaltali 6,5 á 100 m<sup>2</sup>, eða allt frá 5,3 – 10,7 á 100 m<sup>2</sup>. Tveggja ára seiði (2+) voru að meðaltali 0,5 á hverja 100 m<sup>2</sup> og sveiflaðist fjöldi þeirra allt frá 0 – 0,7 á 100 m<sup>2</sup>.

Þær mælingar sem liggja fyrir á þéttleika laxaseiða í Straumfjarðará árin 1986 – 2002 (tafla 3) sýna að þéttleiki laxaseiða hefur aldrei maelst jafnmikill í ánni og haustið 2002 (tafla 3). Þessi breyting er vegna mikils þéttleika vorgamalla seiða haustið 2002 úr hrygningunni 2001. Fjöldi seiða á öðru ári er svipaður og áður hefur komið fram í mælingum, en hins vegar voru seiði á þriðja ári mjög fáliðuð g hafa aldrei maelst færri í sambærilegum mælingum (tafla 3).

Meðallengd vorgamalla seiða var 4,0 cm og var frá 3,9 – 4,5 cm eftir veiðistöðum (tafla 3). Meðallengd eins árs seiða var 6,8 cm og var frá 6,3 – 7,8 cm eftir veiðistöðum. Meðallengd 2 ára seiða var 9,4 cm. Almennt var tilhneiting í þá átt að vöxtur seiða var bestur efst á fiskgenga hlutanum, en var lakari er neðar dró í ánni.

## Laxveiðin

Alls veiddust 342 laxar í Straumfjarðará en enginn silungur var bókaður í veiðinni 2002. Laxveiðin fór mjög hægt af stað, en upp úr miðjum júlí komu mjög góðar göngur og var veiðin jöfn og góð eftir það allt til loka veiðitímans.

Alls veiddust 311 eins árs laxar og reyndust þeir uppistaða aflans (91,2 %) , en auk þess komu 31 tveggja ára laxar á land (8,8%) Meðalþyngd ársfiska var 2,5 kg, en tveggja ára fiska 4,4 kg. Meðalþyngd laxa í ánni var 2,6 kg (Guðni Guðbergsson 2003).

Laxveiðin í Straumfjarðará árið 2002 var mun betri en árin á undan og er upp var staðið náði veiðin langtíma meðalveiði, en slíkt hefur ekki skeð um árabil (mynd 1).

## Umræður

Árið 2002 varð verulegur bati í laxgengd og laxveiði í Straumfjarðará og endurspeglæði það almennt þá þróun sem varð í laxveiði á landinu öllu árið 2002. Góð smálaxagengd var í árnar, en smálaxinn hefur verið að styrkjast í veiðinni undanfarin ár. Stórlaxinum, þ.e. laxi sem dvelur 2 ár eða lengur í sjó fer hins vegar enn fækkandi. Fækkun stórlaxa kom skyndilega fram á landinu árinu 1983 –1985 og eftir það hefur átt sér stað hægfara hnignun í fjölda stórlaxa (Guðni Guðbergsson 2003). Um ástæður er ekki vitað en tilgátur eru upp um að ætisslóð stórlaxa sé við Grænland en þar hafa umhverfisskilyrði í hafinu versnað á þessu árabili. Því er líklegt að smálaxar haldi sig ekki á sama hafsvæði og stórlaxinn því smálaxastofnar hafa almennt reynst sterkir á sama tíma (Guðni Guðbergsson 2003).

Seiðamagn er að aukast í Straumfjarðará miðað við fyrri rannsóknir og virðist aukin hrygning haustið 2001 og klak seiða úr þeim hrygningarárgangi aðalskýringin á þessari þróun. Veiðar á flugu eru nú eingöngu leyfðar í ánni og er hugsanlegt að þetta veiðifyrirkomulag leiði til þess að minna af fiski sé veitt en ella. Á næstu árum ætti að koma betur í ljós hvort seiðabúskapur haldi áfram að batna. Vart varð við mikla hrygningu ofan við Dalsfoss, en líklegt er að tilkoma nýja fiskvegarins auki laxamagnið sem nær að ganga upp fyrir fossinn og gætu þá búsvæðin hugsanlega nýst betur en áður, en vísbendingar fengust um haustið 2000 að þetta búsvæði nýttist ekki sem skyldi (Sigurður Már Einarsson Friðþjófur Árnason 2001).

Vöxtur laxaseiða í Straumfjarðará er góður og framleiðir áin sjögönguseiði aðallega á þremur árum. Niðurstöður sýna að vöxturinn batnar er ofar dregur í ána.

Líklegt er að það megi tengja auknum áhrifum Baulárvallavatns á lífríki árinnar, en stöðuvatnið jafnar rennslið og hitafarið, auk þess sem lífrænt rek úr vatninu hefur jákvæð áhrif á framleiðslu fæðudýra sem laxaseiðin lífa á.

### **Heimildaskrá**

Guðni Guðbergsson 2003. Lax – og silungsveiðin 2003. Veiðimálastofnun Reykjavík. Skýrsla,. VMST-R/0313. 26 bls.

Sigurður Már Einarsson 1987. Laxarannsóknir í Straumfjarðará 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST-V/87008. 8 bls.

Sigurður Már Einarsson 1988. Fiskirannsóknir í Straumfjarðará 1987. Skýrsla veiðimálastofnunar. VMST-V/88014X. 7 bls.

Sigurður Már Einarsson 1989. Vatnakerfi Straumfjarðarár. Fiskirannsóknir 1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST-V/89002X. 8 bls.

Sigurður Már Einarsson 1990a. Straumfjarðará. Fiskirannsóknir 1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST-V/89009X. 6 bls.

Sigurður Már Einarsson 1990b. Straumfjarðará. Fiskirannsóknir 1990. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. VMST-V/90015X. 9 bls.

Sigurður Már Einarsson 1993. Endurheimtur sumaralinna laxaseiða í Straumfjarðará. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST-V/93005X. 8 bls.

Sigurður Már Einarsson 1999. Möguleikar á gerð fiskvegar í Rjúkandafossi í Straumfjarðará. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/99017. 13 bls.

Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson 2000. Fiskræktartilraunir. Sleppingar sumaralinna laxaseiða í Straumfjarðará, Vatnsdalsá og Hofsá. Veiðimálastofnun. Reykjavík. VMST-R/0010. 17 bls.

Sigurður Már Einarsson og Friðþjófur Árnason 2001. Seiðabúskapur Straumfjarðarár árið 2000. Veiðimálastofnun Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/0010. 9 bls.

Vífill Oddsson 1995. Fiskvegur í Dalsfoss í Straumfjarðará. Handrit. 3 bls.

Tafla 1. Þéttleiki laxfiskaseiða (fjöldi í einni umferð á 100 m<sup>2</sup>) í Straumfjarðará á Snæfellsnesi 14. september 2002. \* Sumaralin sleppiseiði


| Stöð    | Svæði<br>m <sup>2</sup> | Lax  |      |     |      | Urriði |
|---------|-------------------------|------|------|-----|------|--------|
|         |                         | 0+   | 1+   | 2+  | Alls |        |
| 1*      | 203                     | 15,8 | 3,9  | 0,0 | 19,7 | 3,9    |
| 2       | 540                     | 12,6 | 5,6  | 0,4 | 18,5 | 0,0    |
| 3       | 374                     | 13,6 | 5,3  | 0,5 | 19,5 | 0,0    |
| 4       | 270                     | 23,3 | 10,7 | 0,4 | 34,4 | 0,0    |
| 5       | 403                     | 7,4  | 6,0  | 0,7 | 14,1 | 0,0    |
| Allar   | 1790                    | 13,6 | 6,2  | 0,4 | 20,3 | 0,4    |
| St: 2-5 | 1587                    | 13,4 | 6,5  | 0,5 | 20,4 | 0,0    |

Tafla 2. Þéttleiki laxaseiða í Straumfjarðará á Snæfellsnesi árin 1986 – 2002.

| Ár   | Fjöldi<br>stöðva | Svæði<br>m <sup>2</sup> | Fjöldi í einni umferð / 100 m <sup>2</sup> |     |     |     |      |
|------|------------------|-------------------------|--|-----|-----|-----|------|
|      |                  |                         | 0+   | 1+  | 2+  | 3+  | Alls |
| 1986 | 6                | 2329                    | 2,4  | 7,0 | 1,7 | 0,0 | 11,2 |
| 1987 | 6                | 2163                    | 6,1  | 6,9 | 1,9 | 0,0 | 14,9 |
| 1988 | 6                | 1901                    | 3,6  | 8,0 | 1,3 | 0,2 | 13,0 |
| 1989 | 5                | 2846                    | 0,7  | 3,0 | 3,1 | 0,6 | 7,4  |
| 1990 | 4                | 2141                    | 1,0  | 3,0 | 4,4 | 0,9 | 9,3  |
| 2000 | 4                | 852                     | 3,6  | 6,0 | 2,3 | 0,0 | 11,9 |
| 2002 | 4                | 1587                    | 13,4                                       | 6,5 | 0,5 | 0,0 | 20,4 |

Tafla 3. Meðallengdir laxaseiða (cm) eftir stöðvum og aldri í Straumfjarðará 14. september 2002. Fjöldi (n) í hóp og staðalfrávik (sd) á meðaltalið er gefið. \* Sumaralin sleppiseiði

| Stöð    | 0+  |     |      | 1+  |     |      | 2+   |   |      |
|---------|-----|-----|------|-----|-----|------|------|---|------|
|         | ml  | n   | sd   | ml  | n   | sd   | ml   | n | Sd   |
| 1*      | 6,3 | 32  | 0,65 | 9,5 | 8   | 0,93 |      |   |      |
| 2       | 4,0 | 68  | 0,35 | 7,8 | 30  | 0,61 | 11,2 | 2 | 1,41 |
| 3       | 3,9 | 51  | 0,28 | 6,3 | 20  | 0,35 | 8,2  | 2 | 0,07 |
| 4       | 4,0 | 63  | 0,23 | 6,3 | 29  | 0,3  | 8,8  | 1 |      |
| 5       | 4,5 | 30  | 0,29 | 6,6 | 24  | 0,53 | 9,1  | 3 | 1,50 |
| St: 2-5 | 4,0 | 212 | 0,35 | 6,8 | 103 | 0,84 | 9,4  | 8 | 1,52 |



Mynd 1. Stangaveiðar á laxi í Straumfjarðarár árin 1974-2002. Meðalveiði tímabilsins er einnig sýnd.